Bak við „torfuna“ eru ærsl og læti

— litið við á nýja gæzluvellinum í miðbænum

VIÐ Bernhöftstorfuna hafa borgaryfirvöld látið gera leikvöll fyrir börn, sem fara niður í miðbæ með mæðrum sínum eða feðrum og geta börnin leikið sér á vellinum meðan foreldrarnir fara í verzlanir Þegar vel viðrar er hópur barna á vellinum og una þau sér vel við að moka í sandkassanum, róla sér eða klifra í grindum, en ekki sækja eins mörg börn völlinn, þegar slæmt er veður.



Það er gaman að sitja inni í rörinu, þar sem maður getur fylgzt með öllu og eng inn tekur eftir því.

Á einum góðviðrisdegi brugðu blaðamaður og ljósmyndari Morgunblaðsins sér á leikvöllinn við „torfuna“ og horfðu á börnin við leik. Um 20 börn voru á vellinum við ýmsa leiki. Blaðið hitti að máli eina gæzlukonuna á vellinum, Ernu Valdimarsdóttur, sem er við nám í Fóstruskóla Íslands. Sagði hún, að sér líkaði starfið mjög vel, en þær eru þrjár stúlkurnar, sem vinna á gæzluvellinum. Sagði Erna, að það væri mjög misjafnt, hvað mörg börn kæmu á völlinn, það færi eftir veðri, en mest hefðu verið um 80 yfir daginn.

— Börnin eru á aldrinum 2—6 ára og við tökum ekki yngri börn og ekki eldri. Völlurinn var opnaður 12. ágúst um leið og Austurstræti var gert að göngugötu. Það er opið frá 10—12 og 14—18 og sennilega verður opið í vetur.

Það er margt sem börnin hafa fyrir stafni á meðan mæður þeirra eða feður fara í verzlanir bæjarins. Sum róla sér og er það einkar vinsælt og er rólan yfirleitt þétt setin. Önnur renna sér í rennibrautinni, klifra í klifrugrindinni eða byggja sér hús og annað í sandkassanum. Þá eru líka rör máluð í skemmtilegum litum og skemmta margir sér við að skríða í gegn.

Þá er eitt nýnæmi á vellinum, sem ekki er á öðrum leikvöllum, en það er að börnin geta hlustað á tónlist og leikrit á meðan þau eru að leika sér. Gæzlukonurnar hafa yfir öskjubönd um (kasettum) að ráða og er börnunum gefinn kostur á að hlusta á dýrin í Hálsaskógi, Litlu-Ljót, Karíus og Baktus, Ómar Ragnarsson, Bessa Bjarnason og Sólskinskórinn og hafa þau gaman af.


Þó að sum gráti, þegar mamma skilur við þau eru þau fljót að ná sér og fara strax að rannsaka hvað er hægt að hafa fyrir stafni á leikvellinum. Þau verða óð og uppvæg, þegar þau komast í róluna, en þau eru heldur ekki sein á sér að hlaupa að hliðinni, þegar þau sjá að mamma eða pabbi eru komin að sækja þau.

Erna sagði, að börnin væru mjög ánægð og taldi hún að staðurinn bak við „torfuna“ væri bezti staðurinn í miðbænum til að hafa börnin á meðan foreldrarnir verzla. Sagði hún að þau börn, sem ekki væru nema um tvær klukkustundir inni á vellum væru miklu ánægðari en þau sem eru þar frá kl. 14—18, því reynslan sýndi að börnin væru orðin þreytt eftir langan tíma, og auk þess þekktu þau engan á vellinum og þá gætu þau orðið þreytt á að bíða eftir mömmu sinni.

Aðsetur gæzlustúlknanna er í gamla pakkhúsinu. Þar hafa þær kaffistofu, og enn fremur eru þar geymslur og salerni fyrir börnin. Sagði Erna að í bígerð væri, að setja bekk inn í eitt herbergið, svo að þær gætu lesið sögur fyrir börnin ef illa viðraði.



Þessi unga sómdi sér vel sem skurðgröfustjóri.



Nokkur barnanna í klifrugrindinni. Hjá þeim standa gæzlukonurnar. Ljósm. Mbl. Brynjólfur.

Frímerkjasýning á Kjarvalsstöðum

M.a. Hans Hals safnið og fyrsta skildingamerkið

SÝNING á íslenzkum frímerkjum verður opnuð að Kjarvalsstöðum 31. ágúst n.k. í tilefni af því, að öld er liðin frá því að fyrstu íslenzku frímerkin voru gefin út. Margt fágætra muna verður á sýningunni, bæði úr safni póst- og símamálastjórnarinnar og úr söfnum einstaklinga.




Hið nýja frímerki póst- og símamálastjórnarinnar.

M.a. verður til sýnis einkasafn Hans Hals og tveggja skildingafrímerki, sem gefin voru út 1873, bréf til Tryggva Gunnarssonar, sem nú er sýnt í fyrsta skipti og fleiri verðmæt bréf. Í heiðursdeild sýningarinnar verða til sýnis einkasöfn Folmer Östergaard frá Danmörku, Kinzell Fröstrup frá Noregi, Ambjörn Falk (dulnefni) frá Svíþjóð og Sir Athelstan Caroe frá Liverpool.

Á sýningunni verður einnig samkeppnisdeild með söfnum ísl. frímerkjasafnara og verða úrslit kynnt á sýningunni.

Í bæklingi, sem gefinn hefur verið út um sýninguna, er sagt að megintilgangurinn með henni sé að gefa yfirlit um þróun íslenzkra frímerkja síðustu 100 árin og jafnframt að sýna hvernig íslenzkum frímerkjum er safnað. Að sögn forráðamanna sýningarinnar er verðmæti þeirra frímerkja, sem sýnd verða á sýningunni geysimikið, enda mesta sýning ísl. frímerkja, svo vitað sé um.



Tveggja skildingafrímerkið, gefið út 1873 verður á sýningunni. Aðeins þessi eina örk er til svo að vitað sé. Örkin er í eigu póst- og símamálastjórnarinnar.

Sýningin verður opnuð hátíðlega kl. 17, 31. ágúst af Birni Jónssyni, samgönguráðherra, en verður síðan opin almenningi frá kl. 19 sama dag og síðan daglega til sunnudagsins 9. sept. frá kl. 14—22. Sérstök dagskrá með fyrirlestrum og myndasýningum verður flest kvöld kl. 20 og kvikmyndasýningar alla daga kl. 18. Pósthús með sérstökum dagstimpli verður á sýningarsvæðinu. Aðgangur að sýningunni er ókeypis.

Sýningarskrá er gefin út svo og verður gefið út merki í tilefni sýningarinnar. Landssamband ísl. frímerkjasafnara gaf út minn ispening, og er hann þegar uppseldur í gulli. Þá kemur saga ísl. frímerkisins út í tilefni aldarafmælisins, og þar verða litmyndir af þeim 540 frímerkjum, sem hafa verið gefin út á Íslandi frá upphafi. Sýningin er skipulögð af póst- og símamálastjórninni, en framkvæmdastjóri hennar er Guðlaugur Sæmundsson, fulltrúi hjá Pósti og síma. Verndari sýningarinnar er forseti Íslands, herra Kristján Eldjárn.

Þess má geta að lokum, að í tilefni sýningarinnar gefur póst- og símamálastjórnin út nýtt frímerki — Islandia 73 — að verðgildi 17 kr. og 20 kr.